
Minnisblað

Dagsetning: 11. nóvember 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 2010085

Efni: **Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands vegna COVID-19 frá og með 18. nóvember 2020.**

Þann 31. október 2020 tók gildi reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 1051/2020 og gildir hún til og með 17. nóvember 2020. Þann 3. nóvember 2020 tók einnig gildi önnur reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar og gildir hún sömuleiðis til og með 17. nóvember.

Frá því að fyrrgreindar reglugerðir tóku gildi hefur COVID-19 faraldurinn heldur verið á niðurléið hér innanlands þar sem að daglegum fjölda greindra einstaklinga hefur fækkað úr um 60 niður í um 20 einstaklinga. Daglegur fjöldi nýgreininga er hins vegar breytilegur og enn erum við að greina litlar hópsýkingar innan sem utan höfuðborgarsvæðisins.

Þrátt fyrir þetta má fullyrða að þær takmarkanir sem gripið hefur verið til hafi skilað árangri bæði hvað varðar nýgreiningu smita og einnig hvað varðar álag á spítalakerfið. Hins vegar tel ég að of hraðar tilslakanir á þessari stundu og næstu vikur geti snúið þróun faraldursins á verri veg.

Í dag, 11. nóvember 2020 legg ég til að farið verði hægt í allar tilslakanir á næstunni og legg til eftirfarandi breytingar á fyrrgreindum reglugerðum frá og með 18. nóvember nk.

1. Reglugerð um takmarkanir á samkomum vegna farsóttar:

- 1. mgr., 5 gr.: Starfsemi og þjónusta sem krefst snertingar milli fólks verð leyfð með þeim skilyrðum að skylt verði að notast við andlitsgrímur bæði af þeim sem veita þjónustuna og þeim sem hana fá. Einnig verði gætt að handþvotti og handsprittun. Sameiginlegir snertifletir sótthreinsaðir á milli viðskiptavina.
- 6. mgr, 5 gr: Æfingar og íþóttastarf barna á leik- og grunnskólaaldri, úti og inni, með eða án snertingar verðir leyfðar án áhorfenda.
- Auk þess legg ég til eftirfarandi:
 - **Skip í sjósókn.** Fella þessi skip undan reglugerðinni líkt og skip í millilandaferðum þar sem að ekki er hægt að fylgja fjölda og nálægðareglum um borð.
 - **Undanþágur frá grímuskyldu.** Undanskildir grímuskyldu verði þeir sem fengið hafa Covid-19 og lokið einangrun. Þessir einstaklingar sýni fram á vottorð þar að lútandi á stöðum þar sem grímuskylda er. Einnig geti

þeir sem ekki hafa skilning eða þroska til að nota andlitsgrímu rétt, eða getur það ekki vegna heilsufars, verið undanskildir grímunotkun.

- **Verklegt ökunám og flugnám.** Verklegt ökunám- og flugnám verði leyft en einstaklingum skylt að nota andlitsgrímur þar sem ekki verður hægt að viðhafa tveggja metra nálægðarmörk.
- **Heilbrigðisstofnanir.** Heilbrigðisstofnanir verði almennt undanþegnar reglugerðinni en þær skuli setja sér sóttvarnareglur, s.s. um nálægð, fjölda, hlífðarbúnað og heimsóknir.

- Reglugerðin verði a.ö.l. óbreytt

2. Reglugerð um takmörkun á skólastarfi:

- 6. mgr., 3. gr: Skipulagt íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarf barna á leikskólaaldri verði heimilað.
- 8. mgr, 4. gr: Skipulagt íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarf barna á grunnskólaaldri verði heimilað.
- Reglugerðin verði a.ö.l. óbreytt.

3. Næstu tilslakanir verðir gerðar þ. 2. desember 2020.

Ofangreindar tillögur eru gerðar með þeim fyrirvara að faraldurinn breytist ekki frá þeim tíma þegar þetta minnisblað er ritað þar til að ný reglugerð mun taka gildi þ. 18. nóvember n.k.